

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 430, 22. september 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 146

REIKNINGUR

Tryggingarsjóðs viðskiptabanka 1989.

Rekstrarreikningur 1. janúar – 31. desember 1989

Tekjur:

Árgjöld viðskiptabanka	107 559 263
Verðbætur og vextir af verðbréfum	128 221 924
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	896 508

Tekjur alls	236 677 695
-------------	-------------

Gjöld:

Stjórnarlaun	1 136 908
Annar rekstrarkostnaður	197 760
Verðbreytingagjöld	64 963 797

Gjöld alls	66 298 645
------------	------------

Hreinar tekjur	170 379 230
----------------	-------------

Efnahagsreikningur 31. desember 1989

Eignir:

Innstæða í Seðlabanka Íslands	1 091 597
Áfallnir vextir	1 179 086
Verðbréf	533 997 842

536 268 525

Eigið fé:

Frá fyrra ári	300 925 498
Hreinar tekjur skv. rekstrarreikningi	170 379 230
Verðbreytingagjöld	64 963 797

Eigið fé alls	536 268 525
---------------	-------------

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Tryggingarsjóð viðskiptabanka höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1989, efnahagsreikningi 31. des. 1989, ásamt skýringum. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir sem nauðsynlegar þóttu.

Að okkar álit gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag sjóðsins fyrir árið 1989.

Reykjavík, 13. febrúar 1990.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands

Áritun stjórnar

Reykjavík, 26. febrúar 1990,

Ólafur Örn Ingólfsson
Arnljótur Björnsson

Valur Valsson

Staðfesting viðskiptaráðherra

Viðskiptaráðuneytið, 27. mars 1990.

Jón Sigurðsson.

Nr. 147

30. mars 1990

AUGLÝSING**um flutningsjöfnunargjald á sementi.**

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1030 frá 1. apríl 1990 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 30. mars 1990.

F. h. r.
Atli Freyr Guðmundsson.

Tryggvi Axelsson.